

Persónuverndarstefna

Uppfært 1. nóvember 2025

Persónuvernd einstaklinga (hér eftir nefndir einstaklingar eða notendur) skiptir Laufin ehf. (hér eftir nefnt Laufið) miklu máli. Stefna þessi tekur til persónuupplýsinga hvort sem þeim er safnað og þær varðveittar með rafrænum hætti, á pappír eða með öðrum sambærilegum hætti. Stefnan tekur til skráningar, vörslu og vinnslu á persónuupplýsingum sem falla undir stefnuna. Stefnan er aðgengileg á upplýsingaveitu Laufsins www.laufid.is.

PERSÓNUVERNDARLÖGGJÖF

Um meðferð persónuupplýsinga gilda lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga eins og þau eru á hverjum tíma, sem og viðkomandi hlutar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga. Taka lögin m.a. á vinnslu, vörslu og miðlun persónuupplýsinga.

ÁBYRGÐ

Laufið ber almennt ábyrgð á skráningu persónuupplýsinga og meðferð þeirra upplýsinga í starfsemi sinni og er svokallaður ábyrgðaraðili vinnslu í skilningi persónuverndarlöggjafar vegna þjónustu Laufsins, en kann þó í einhverjum tilvikum að vera vinnsluaðili upplýsinganna eða eftir atvikum sameiginlegur ábyrgðaraðili með öðrum. Þá eru þeir aðilar sem Laufið kann að miðla upplýsingum til, sbr. V. kafli þessarar persónuverndarstefnu, sjálfstæðir ábyrgðaraðilar varðandi þá vinnslu upplýsinga sem fer fram á þeirra vegum, svo sem í tengslum við markaðsstarfsemi, og bera sjálfstæða ábyrgð á því að öll meðferð þeirra sé í samræmi við persónuverndarlöggjöf. Hægt er að hafa samband við okkur að Akralind 6, 201 Kópavogi, með því að senda skriflega fyrirspurn á laufid@laufid.is og með því að hringja í 550 0090 ef einhverjar spurningar koma upp í tengslum við persónuvernd.

PERSÓNUVERNDARFULLTRÚI

Laufið hefur skipað persónuverndarfulltrúa í samræmi við persónuverndarlög. Hlutverk fulltrúans er að sinna innra eftirliti, fræða og ráðleggja starfsfólki um þær skyldur sem hvíla á fyrirtækinu með tilliti til persónuverndarlaga. Jafnframt er persónuverndarfulltrúi tengiliður við einstaklinga og Persónuvernd.

Samskiptaupplýsingar persónuverndarfulltrúa:

- Bjarki Pétursson
- bjarki@laufid.is
- 892-9877

SÖFNUN OG NOTKUN

Hlutverk okkar er safna gögnum frá fyrirtækjum og miðla upplýsingum um fyrirtæki, þjónustuaðila og einstaklinga sem hafa óskað eftir því og samþykkt að vera skráð í upplýsingaveitu og/eða símaskrá. Skráning einstaklinga er eingöngu birt með þeim hætti sem samþykkt hefur verið. Vinnsla Laufsins fer ýmist fram vegna framkvæmdar samnings, samþykkis, fyrirmæla í lögum, reglum og stjórnvaldsfyrirmælum, eða á grundvelli lögmætra hagsmuna. Til að geta sinnt hlutverki okkar söfnum við eftirfarandi upplýsingum um tengiliði fyrirtækja og vinnum með þær í eftirfarandi tilgangi styðst vinnsla persónuupplýsinga þá við heimild í 2., 3. og 6. tl. 9. gr. persónuverndarlaga: ☐ nafn tengiliðs fyrirtækis, símanúmer og netfang. Til að geta sinnt hlutverki okkar söfnum við eftirfarandi upplýsingum um einstaklinga og vinnum með þær í eftirfarandi tilgangi og styðst vinnsla persónuupplýsinga þá við heimild í 2., 3. og 6. tl. 9. gr. persónuverndarlaga: ☐ nafn einstaklings, símanúmer og netfang. ☐ nafn einstaklings, símanúmer og netfang til að geta svarað fyrirspurnum og brugðist við óskum, t.d. til að svara spurningum, ábendingum og athugasemdum, ☐ nafn einstaklings, kyn, símanúmer, netfang, fæðingardag og aldur með samþykki hans til að geta sýnt kynningarefni, tilboð eða sérsniðnar auglýsingar í miðlum okkar, ☐ nafn einstaklings, kyn, símanúmer og netfang með samþykki hans til að geta veitt honum kost á að taka þátt í könnunum, kynningarherferðum með verðlaunum, keppnum og öðrum kynningum, ☐ nafn einstaklings, kyn, símanúmer og netfang með samþykki hans til að geta haft samband við hann til að sinna gæðaeftirliti og/eða ef við höfum ekki heyrt í honum lengi, ☐ nafn einstaklings, IP tölu og netfang með samþykki hans til að geta gert honum kleift að nota vefsíðu okkar, ☐ nafn einstaklings, IP tölu, netfang og þá óskalista sem hann býr til í vöruleit Laufsins, með samþykki hans til að hjálpa honum að halda utan um óskalista sinn og til að geta sent þeim upplýsingar um verðbreytingar á vörum.

Notendur geta skoðað og notað upplýsingaveitu Laufsins og við söfnum upplýsingum sem vafri notenda eða sími veitir og eru mikilvæg til að nýta þjónustu okkar sem best, þ.e. gögn sem geta falið í sér upplýsingar eins og símanúmer, IP-tölu, tegund vafra, útgáfu vafra, síður þjónustunnar, tíma og dagsetningu heimsóknar og önnur talnagögn. Heimild til vinnslu persónuupplýsinga styðst í þessum tilfellum við 6. tl. 9. gr. persónuverndarlaga. Við notum vefkökur til þess að aðgreina einstaka notendur frá öðrum notendum á upplýsingaveitu Laufsins. Vefkökur eru litlar textaskrár sem netvafrinn vistar á tölvum sé netvafrinn stilltur til að samþykkja notkun á vefkökum. Vefkökurnar gera okkur kleift að muna ákveðnar stillingar hjá notanda til að bæta notendaupplifun og fá tölfraðiupplýsingar um notkun á upplýsingaveitu Laufsins.

Notendur geta ákveðið hvort þeir leyfa sumar eða allar vefkökur með stillingum í netvafra. Ef notendur kjósa að leyfa ekki vefkökur þá kann hluti vefsíðunnar að verða óaðgengilegur. Er framangreindra upplýsinga ýmist aflað beint frá viðkomandi einstaklingi eða þeim miðlað frá viðkomandi fjarskiptafyrirtæki þar sem einstaklingur skráir sig í símaskrá, um er að ræða upplýsingar um veitta þjónustu eða sjálfvirka upplýsingasöfnun vegna notkunar á upplýsingaveitu Laufsins. Byggir heimild til vinnslu persónuupplýsinga í þeim tilfellum á 6. tl. 9. gr. persónuverndarlaga. Laufið notar þjónustur Google Analytics og Facebook Pixel til að greina umferð um miðla Laufsins og birta notendum sérsniðnar auglýsingar. Þessar þjónustur safna upplýsingum nafnlaust og gefa skýrslur um þróun á vefsvæðum, án þess að greint sé frá stökum notendum eða persónuupplýsingum. Laufið sendir viðskiptavinum fréttabréf með reglubundnum hætti í þeim tilgangi að kynna þjónustu fyrirtækisins. Vinnsla persónuupplýsinga byggir þá á heimild í 6. tl. 9. gr. persónuverndarlaga. Einstaklingar geta sent Laufinu fyrirspurn í tölvupósti eða haft samband í gegnum heimasíðu fyrirtækisins. Heimild til vinnslu persónuupplýsinga veltur á tilgangi fyrirspurnar hverju sinni. Ef um er að ræða almenna fyrirspurn frá einstaklingi kann hún að byggja á 1. tl. 9. gr. persónuverndarlaga.

Ef um er að ræða fyrirspurn frá tengilið viðskiptavinar kann hún aftur á móti að byggja á 6. tl. 9. gr. persónuverndarlaga.

MIÐLUN

Hlutverk okkar er að miðla upplýsingum um einstaklinga, fyrirtæki og þjónustuaðila sem hafa óskað eftir því og samþykkt að vera skráð í upplýsingaveitu og símaskrá. Við bjóðum fjölbreyttar þjónustuleiðir til þess að nálgast þær upplýsingar sem við miðlum, t.d. vefsíðuna www.laufid.is, við veitum fyrirtækjum og þjónustuaðilum jafnframt tæknipjónustu sem einfaldar þeim aðgengi að þeim upplýsingum sem við miðlum. Ef einstaklingur er skráður í símaskrá þá miðlum við þeim persónuupplýsingum til þriðja aðila sem einstaklingurinn hefur samþykkt að séu birtar, og eru þá þeir aðilar sem Laufið kann að miðla upplýsingum til, sjálfstæðir ábyrgðaraðilar varðandi þá vinnslu upplýsinga sem fer fram á þeirra vegum, svo sem í tengslum við markaðsstarfsemi. Í einhverjum tilvikum kunnum við að miðla einnig persónuupplýsingum til þriðja aðila sem okkur er skylt samkvæmt lögum eða í þeim tilvikum sem talin eru upp undir lið Verndun.

ÞRIÐJU AÐILAR

Okkur er heimilt að miðla persónuupplýsingum til þriðja aðila (vinnsluaðila) sem er þjónustuveitandi, umboðsmaður eða verktaki okkar í þeim tilgangi að ljúka við verkefni eða veita einstaklingi þjónustu eða vöru sem hann hefur beðið um eða samþykkt. Okkur er einnig heimilt að deila upplýsingum með vinnsluaðilum þegar það er nauðsynlegt til að vernda brýna hagsmuni t.d. við innheimtu á vanskilakröfu. Við deilum einnig upplýsingum, í tölfraðilegum tilgangi, með vinnsluaðilum sem vinna með okkur við gæða og markaðsstarf. Við afhendum vinnsluaðilunum einungis þær persónuupplýsingar sem eru nauðsynlegar fyrir þá í framangreindum tilgangi og gerum við þá samning þar sem þeir undirgangast skyldu um að halda upplýsingum um einstaklinga öruggum og nota þær einungis í framangreindum tilgangi. Persónuverndarstefnan nær ekki til upplýsinga eða vinnslu þriðju aðila sem við höfum enga stjórn á né berum ábyrgð á notkun, birtingu eða öðrum verkum þeirra. Við hvetjum einstaklinga til að kynna sér persónuverndarstefnu þriðju aðila, þar á meðal vefhýsingaraðilum þeirra síðna sem geta vísað á okkar, hugbúnaðarfyrirtækja á borð við Facebook, Apple, Google og Microsoft ásamt þeirri greiðsluþjónustu sem einstaklingur kys að nota.

VERNDUN

Laufið leggur mikla áherslu á að vernda vel allar persónuupplýsingar og hefur því yfir að skipa innra eftirlitskerfi sem á að tryggja að ávallt skulu gerðar viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir. Við munum tilkynna án ótilhlýðilegrar tafar ef það kemur upp öryggisbrot er varðar persónuupplýsingarnar einstaklings sem hefur í för með sér mikla áhættu fyrir hann. Með öryggisbroti í framangreindum skilningi er átt við brot á öryggi sem leiðir til óviljandi eða ólögmætrar eyðingar persónuupplýsinga eða að þær glattist, breytist, verði birtar eða aðgangur veittur að þeim í leyfisleysi.

VARÐVEISLA

Laufið reynir eftir fremsta megni að halda persónuupplýsingum einstaklings nákvæmum og áreiðanlegum og uppfærir þær eftir þörfum. Við varðveitum persónuupplýsingar um einstakling á meðan hann vill vera skráður í símaskrá eða sem tengiliður fyrirtækis. Við höldum úti sérstakri þjónustu við skráningar og metum stöðugt hvort okkur sé heimilt að varðveita þær áfram. Ef við ákveðum að okkur sé ekki heimilt að varðveita þær áfram, munum við hætta allri vinnslu með persónuupplýsingarnar frá þeim tíma. Ef möguleiki er á að persónuupplýsinganna kunni að vera þörf síðar til að uppfylla lagaskyldur, t.d. gagnvart skattfyrvöldum, eða til að höfða eða verjast réttarkröfu, munum við taka afrit af hlutaðeigandi persónuupplýsingum og varðveita þær á öruggu formi eins lengi og nauðsyn ber til.

VINNSLA NOTENDAGAGNA Í KERFI LAUFSINS

Laufið heldur utan um lágmarksupplýsingar um notendur sem skrá sig inn í kerfi félagsins í gegnum viðskiptavini þess, s.s. sveitarfélög, stofnanir eða fyrirtæki.

Þessi vinnsla nær m.a. til starfsmanna sem nota kerfið til að vinna að sjálfbærniaðgerðum, fræðslu og skýrslugerð.

TILGANGUR VINNSLUNNAR

Upplýsingar um notkun einstakra notenda eru unnar til að:

- tryggja rekjanleika og öryggi innan kerfisins,
- halda utan um stöðu og framvindu sjálfbærniaðgerða,
- styðja við mælingar á árangri og virkni aðgerða,
- og auðvelda úttektir og endurgjöf til viðkomandi stofnunar eða fyrirtækis.

Þessi vinnsla byggir á **lögmætum hagsmunum** skv. 6. tl. 9. gr. laga nr. 90/2018, enda er hún nauðsynleg til að kerfið geti veitt þjónustu sína og tryggt rétta virkni.

HVAÐA GÖGN ERU UNNIN?

Við vistum eftirfarandi gögn:

- Nafn notanda, netfang og notendaaðgangsauðkenni,
- Dagsetningu, tímasetningu og lýsingu á þeim aðgerðum sem notandinn framkvæmir í kerfinu (t.d. skráningu, staðfestingu eða fullkláraða aðgerð),
- Tengsl notanda við fyrirtæki eða stofnun,
- Og eftir atvikum, tæknilegar upplýsingar (t.d. IP-tölu eða vafratæki) í þeim tilgangi að tryggja öryggi og rekjanleika.

Engin viðkvæm persónuupplýsingagögn eru vistuð eða unnin innan þessa hluta kerfisins.

AÐGANGUR OG VARÐVEISLA

Aðgangur að þessum gögnum er takmarkaður við:

- stjórnendur viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar,
- og tækniteymi Laufsins sem sinnir kerfisviðhaldi og öryggisstjórnun.

Gögn um notkun eru varðveitt á meðan viðskiptasamband stendur og að hámarki í **24 mánuði** eftir lok samnings, nema krafist sé eyðingar fyrr.

Að þeim tíma liðnum eru gögn annaðhvort eydd eða gerð ópersónugreinanleg.

FRÆÐSLA OG SAMÞYKKI

Allir notendur fá kynningu á vinnslu persónuupplýsinga þegar þeir fá aðgang að Laufinu.

Við innskráningu staðfesta notendur að þeir hafi kynnt sér persónuverndarstefnu Laufsins og samþykkt vinnslu gagna í samræmi við hana.

Vinnslan nær ekki til frammistöðumats einstaklinga eða eftirlits með starfi þeirra, heldur er hún eingöngu hluti af rekstrarlegu gæða- og árangursmati stofnunarinnar.

RÉTTINDI ÞÍN

Einstaklingur á rétt á og getur óskað eftir eftirfarandi upplýsingum með því að senda skriflega fyrirspurn á laufid@laufid.is að fá að vita hvaða persónuupplýsingar eru skráðar og hvernig þær eru tilkomnar og fá aðgang að persónuupplýsingunum, að fá upplýsingar um hvernig persónuupplýsingar eru unnar, að persónuupplýsingar séu uppfærðar og leiðréttar, að persónuupplýsingum sé eytt, ef ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita þær, að andmæla og / eða takmarka hvernig persónuupplýsingar séu unnar, að fá afhentar persónuupplýsingar sem einstaklingur hefur látið okkur í té eða að þær séu sendar beint til annars aðila með þeim takmörkunum sem réttindi og frelsi annarra setja, að afturkalla samþykki til vinnslu þegar vinnsla byggist á þeirri heimild, með sama hætti og einstaklingur gaf það eða með því að senda á okkur skriflega fyrirspurn, að fá upplýsingar um hvort fram fari sjálfvirk ákvarðanataka, þ.m.t. gerð persónusniðs og þau rök sem þar liggja að baki og einnig þýðingu og fyrirhugaðar afleiðingar slíkrar vinnslu.

Beiðni einstaklings verður tekin til greina og honum afhentar upplýsingarnar (þegar það á við) innan hæfilegs tíma, þó með þeim takmörkunum sem réttindi og frelsi annarra gera, þ.m.t. viðskiptaleyndarmál og hugverkaréttindi. Athygli er vakin á að innheimt er sanngjarnt gjald byggt á umsýslukostnaði sé farið fram á meira en eitt eintak. Viðkomandi einstaklingi verður tilkynnt og gefin skýring ef töf verður á afgreiðslu eða ef ekki er unnt að verða við beiðninni að fullu eigi síðar en mánuði frá móttöku hennar. Einstaklingur á ávallt rétt á því að kvarta til Persónuverndar komi upp ágreiningur um meðferð persónuupplýsinga, en við myndum hins vegar kunna að meta það að okkur gefst tækifæri fyrst til þess að leysa málið áður en haft er samband við Persónuvernd.

PERSÓNUVERND BARNA

Persónuupplýsingar um börn yngri en 18 ára er ekki safnað nema með samþykki forráðamanns.

BREYTINGAR

Persónuverndarstefnan er endurskoðuð reglulega og kann því að taka breytingum. Einstaklingum er því ráðlagt að kynna sér persónuverndarstefnuna reglulega en breytingar á stefnunni öðlast gildi við birtingu á heimasíðu fyrirtækisins; www.laufid.is. Þegar efnislegar breytingar eru gerðar sem hafa áhrif á réttindi þín munum við tilkynna sérstaklega um þær með tölvupóstskilaboðum og/eða með SMS skeyti.

Samþykkt í stjórn Laufsins í september 2025

VINNSLUSAMNINGUR

milli

[Nafn sveitarfélags / fyrirtækis] – kt. [kt.]

(hér eftir nefnt „Ábyrgðaraðili“)

og

Laufin ehf. – kt. 601221-2410, Akralind 6, 201 Kópavogi

(hér eftir nefnt „Vinnsluaðili“)

1. Tilgangur og umfang vinnslunnar

Markmið þessa samnings er að tryggja að vinnsla persónuupplýsinga sem fer fram á vegum Vinnsluaðila fyrir hönd Ábyrgðaraðila sé í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglugerð (ESB) 2016/679 (GDPR).

Vinnsluaðili vinnur gögn fyrir hönd Ábyrgðaraðila í þeim tilgangi að:

- taka á móti, vinna úr og greina rafræna reikninga og viðskiptagögn frá birgjum sveitarfélagsins,
- útfæra samantektir og mælingar á auðlindanotkun, sóun og rekstrarþáttum,
- og skila niðurstöðum í formi samanburðar- og árangursskýrsla.

2. Flokkar gagna og skráðra einstaklinga

Vinnslan getur náð til eftirfarandi gagna og einstaklinga:

Flokkur gagna	Dæmi
Samskiptaupplýsingar	Nafn, netfang, símanúmer tengiliða birgja eða starfsmanna sveitarfélagsins / fyrirtækis
Viðskipta- og reikningsupplýsingar	Reikningsnúmer, þjónustulýsingar, magnnotkun (rafmagn, hiti, úrgangur o.fl.)
Rekstrartengdar skráningar	Athugasemdir eða staðfestingar sem notendur setja inn í kerfið
Tæknilegar upplýsingar	IP-tölur eða notendaaðgangur innan kerfisins til rekjanleika

3. Skyldur og hlutverk aðila

Ábyrgðaraðili:

- Ber ábyrgð á lagalegri heimild vinnslunnar og réttmæti gagnanna.

- Skilgreinir tilgang, umfang og vinnsluheimildir.
- Tryggir að persónuverndarskyldur gagnvart einstaklingum séu uppfylltar (upplýsingaskylda, aðgangsréttur o.fl.).

Vinnsluaðili (Laufið):

- Vinnur eingöngu með gögn samkvæmt skriflegum fyrirmælum Ábyrgðaraðila.
- Tryggir viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til verndar gögnunum.
- Tryggir trúnað allra starfsmanna sem fá aðgang að gögnunum.
- Vinnur ekki gögn í öðrum tilgangi, né varðveitir þau lengur en nauðsyn krefur.
- Aðstoðar Ábyrgðaraðila við að uppfylla skyldur vegna réttinda skráðra einstaklinga, ef þess er óskað.

4. Öryggisráðstafanir

Vinnsluaðili tryggir að gögn séu varin með viðeigandi ráðstöfunum, m.a.:

- Dulkóðun gagna við flutning og í geymslu (TLS 1.3 og AES-256),
- Aðgangsstýringar og auðkenningu notenda (m.a. 2FA),
- Afritun gagna og öryggisviðbúnað,
- Reglulegu áhættumati og öryggisprófunum,
- Takmörkuðum aðgangi starfsfólks að gögnum eftir hlutverki.

5. Þriðju aðilar og undirvinnsluaðilar

Vinnsluaðili má einungis fela þriðja aðila vinnslu persónuupplýsinga með skriflegu samþykki Ábyrgðaraðila.

Undirvinnsluaðilar sem nú eru notaðir:

- **Amazon Web Services (AWS)** – hýsing og gagnageymsla innan EES eða á svæðum sem tryggja fullnægjandi vernd,
- **Vercel** – vefhýsing á framenda.

Vinnsluaðili ábyrgist að allir undirvinnsluaðilar uppfylli kröfur laga nr. 90/2018 og GDPR.

6. Varðveislutími og eyðing gagna

Gögn sem unnin eru fyrir Ábyrgðaraðila eru varðveitt á meðan samningur aðila stendur.

Að honum loknum skulu öll gögn eydd eða afhent Ábyrgðaraðila, nema lög krefjist lengri varðveislu.

7. Tilkynning um öryggisbrot

Ef upp kemur öryggisbrot sem varðar gögn Ábyrgðaraðila skal Vinnsluaðili tilkynna það án tafar, og eigi síðar en innan 24 klst. frá því að brot varð ljóst. Tilkynning skal innihalda lýsingu brotsins, umfang þess, mögulegar afleiðingar og ráðstafanir sem gerðar hafa verið.

8. Eftirlit og úttektir

Ábyrgðaraðili hefur rétt til að óska eftir upplýsingum eða úttekt á því hvort vinnslan sé í samræmi við þennan samning og lög. Vinnsluaðili skal veita allar nauðsynlegar upplýsingar og aðstoð í því skyni.

9. Gildistími og lok vinnslu

Samningur þessi tekur gildi við undirritun og gildir meðan samningur um þjónustu Laufsins er í gildi. Að vinnslu lokinni skulu öll gögn eydd eða afhent Ábyrgðaraðila á öruggan hátt.

10. Lagaleg heimild og lögsaga

Samningurinn fellur undir íslensk lög. Rísi ágreiningur um framkvæmd samningsins skal hann reynt leystur í samráði aðila, en ella fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Undirritun

Fyrir hönd **Ábyrgðaraðila (sveitarfélags):**

Nafn: _____

Staða: _____

Dagsetning: _____

Undirskrift: _____

Fyrir hönd **Laufin ehf. (vinnsluaðila):**

Nafn: _____

Staða: _____

Dagsetning: _____

Undirskrift: _____